



Íslenskur þjóðarbúskapur og ríkisfjármál

Steingrímur J. Sigfússon,
fjármálaráðherra


17. mars 2009



Þróun helstu hagstærða


Hagvöxtur á Íslandi og spá

- Mikil ofpensla var í hagkerfinu undanfarinn áratug
 - Afnám hafta á fjármálamarkaði með þátttöku í EES
 - Einkavæðing ríkisbanka
 - Stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar á sama tíma
 - Breytingar á húsnæðislánamarkaði
 - Gott aðgengi að erlendu lánsfé og sögulega lágir alþjóðlegir vextir
 - Skattalækkanir




Einkaneysla og þjóðarútgjöld á Íslandi

- Vöxtur þjóðarútgjalda um og yfir 10% samfelmt í 3 ár er sjaldséð fyrirbæri í vestrænum heimi og getur ekki gengið til langframa
- Mikil einkaneysla og stórauðin fjárfesting í flestum atvinnugreinum skýra þennan mikla vöxt




Viðskiptajöfnuður og skipting undirþátta hans

- Mikil innlend eftirspurn kom fram í halla á vöru- og þjónustujöfnuði undanfarin ár
- Aukin erlend skuldsetning og þar með vaxtabyrgði jók þáttatekjuhallann mikið
- Á næstu árum mun jákvæður vöru- og þjónustujöfnuður veða á móti vaxtagreiðslubyrgði




Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli

- Ofpensla leiddi til mikillar spennu á vinnumarkaði
 - Atvinnuleysi var mjög lítið
 - Atvinnustig var hátt
 - Mikið var flutt inn af erlendu vinnuafli




Nafn- og raunlaun, breyting í % milli ára

- Mikil spenna á vinnumarkaði kom einnig fram í:
 - Örrí hækkun launa
 - Miklum vexti kaupmáttar
- Aukin verðbólga dregur úr kaupmætti, sérstaklega á árunum 2008-2009




Gengisvísitala krónunnar

- Háir vextir og mikið innstreymi fjármagns styrktu krónuna á árunum 2004-2007
- Fjármálakreppa leiddi til gengislækkunar 2008
- Gengi krónunnar mun hækka á komandi árum þegar dregur úr ójafnvæginu og framleiðsla fer aftur að taka við sér




Ráðstöfunartekjur á mann og kaupmáttur þeirra

- Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst meira en kaupmáttur launa vegna lækkunar skatta og aukinna tilfærslna
- Ríkið hefði getað spornað gegn ofpenslu með því að fara hægar í lækkun skatta og meira aðhaldi




Verðbólga, breyting í % milli ára

- Erfitt hefur reynst að ná 2,5% verðból gumarkmiði
- Hratt mun draga úr verðbólgu þegar líður á árið 2009 vegna:
 - Samdráttar í hagkerfinu
 - Lækkunar launakostnaðar
 - Lækkunar húsnæðisverðs
 - Hækkunar gengis krónunnar þegar fram í sækir




Stýrivextir Seðlabankans

- Seðlabanki veitti mikilli þenslu viðnám með háum vöxtum á árunum 2004-2008
- Há vaxtastefna bar þó ekki árangur sem skyldi
 - Mikið innstreymi erlends fjármagns réði þar mestu
 - Umbreyting á lánamarkaði dró einnig úr virkni peningastefnunnar
 - Meira aðhalds í opinberum fjármálum var þörf
 - Skortur var á trúverðugleika Seðlabankans




Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag og hlutfallsleg laun

- Raungengi hefur ekki verið eins hátt og undanfarin ár að skattfrjálsa árinu 1988 frátöldu
- Leiðrétting var óumflýjanleg og raungengi er orðið afar lágt og verðsamkeppnisstaðan því góð




Fasteignaverð

- Mikil umfræftirspurn var á íbúðamarkaði sem leiddi til mikillar verðhækkunar
 - Gott aðgengi að ódýru lánsfé
 - Mikil launahækkun
 - Gott atvinnuástand
- Leiðrétting raunverðs er hafin, hún mun að mestu koma fram gegnum verðbólgu en þó er nafnverðslækkun óumflýjanleg




Hlutabréfaverð

- Bjartsýnin á hlutabréfamarkaði náði hámarki á árunum 2004-2007 að frátöldu bakslagi í “litlu bankakrísunni” árið 2006
- Gott aðgengi að erlendu lánsfé og þar með miklir vaxtarmöguleikar fyrirtækja juku á bjartsýnina
- Mikil óvissa ríkir eftir fall bankanna og félögum hefur fækkað mikið



Erlend staða þjóðarbúsins með og án gömlu bankanna


- Samtala heimila, fyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga
- Erlendar skuldir gömlu bankanna vega þungt en munu hverfa smám saman vegna eignasölu og afskrifta á skuldum
- Þessar tölur miða við árslok 2008 og þ.a.l. Er væntanleg skuld vegna Icesave og AGS láns sem ekki hefur enn verið greitt út ekki talin með



Erlend staða þjóðarbúsins

hlutfall af landsframleiðslu

- Þegar árslokatalur 2008 hafa verið leiðréttar fyrir erlendum eignum og skuldum gömlu bankanna er erlend skuldastaða þjóðarbúsins nálægt 200% af VLF og hrein skuldastaða er lítillega jákvæð






Ríkisfjármál

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ


Tekjujöfnuður ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

- Markmið í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar og AGS
- Stefnt er að því að ríkissjóður skili afgangi árið 2013



Eigna- og skuldastaða ríkissjóðs


- Kröfur og handbært fé minnka árið 2009 en á móti aukast eignarhlutir í fyrirtækjum vegna eiginfjárframlags til bankanna



- Eignir: Kröfur, handbært fé og eignarhlutir í fyrirtækjum
- Skuldir: Skuldir ríkissjóðs án reiknaðra lífeyrisskuldbindinga sem í lok árs 2007 námu 230 ma.kr.

Eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

- Undanfarin 4 ár hafa eignir verið umfram skuldir en það mun breytast á þessu ári



- Eignir: Kröfur, handbært fé og eignarhlutir í fyrirtækjum
- Skuldir: Skuldir ríkissjóðs án reiknaðra lífeyrisskuldbindinga sem í lok árs 2007 námu 230 ma.kr.

Staða ríkissjóðs og áhrif bankahrunsins á ríkissjóð

	Skuldir	Eignir	Mismunur
Staða ríkissjóðs í árslok 2008*	663	655	-8
Eignarhlutir ríkissjóðs í fyrirtækjum í árslok 2008		195	195
Staða ríkissjóðs í árslok 2008 án áhrifa af falli bankak	663	850	187
<i>Áhrif af falli bankakerfisins:</i>			
Fjárlagahalli ársins 2009**	50	-100	-150
Skuldabréf til SÍ vegna veðlána	270	95	-175
Tap vegna verðbréfalána		-17	-17
Endurfjármögnun bankanna (385 ma.kr)	100	100	0
Samtals áhrif af falli bankakerfisins:	420	78	-342
Staða ríkissjóðs í árslok 2009:	1.083	928	-155
<i>Ábyrgðir ríkissjóðs/SÍ:</i>			
Icesave***	600	527	-73
IMF og ýmis lönd (lán og lánalínur)	630	630	0


*Staða ríkissjóðs án áhrifa af bankahruni. Auk eigna sem hér eru taldar nemur bókfært virði fyrirtækja í eigu ríkissjóðs 195 ma.kr.

**Halli ríkissjóðs árin 2010 og 2011 er samtals áætlaður 160 ma.kr.

*** Samkvæmt nýjasta mati skilanevndar, óvissa er um endanlegt tap


Innlendar og erlendar skuldir ríkissjóðs

- Kostnaði vegna bankahrunsins er mætt með innlendri lántöku en eignir koma að hluta á móti í nýju bönkunum




Áætlaðar skuldir ríkissjóðs í árslok 2009

- Áætlaðar heildarskuldir í lok árs 2009 eru 1.100 ma.kr.
- Í fjárlögum er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður á árinu 2009 verði 87 ma.kr.



Ábyrgðir ríkissjóðs í árslok 2008, áætlun um Icesave og lán AGS og nágrannaríkja

- Óvissa er um hve mikið muni falla á ríkissjóð vegna Icesave en samkvæmt nýjasta mati skilanevndar Landsbankans verða það 73 ma.kr.
- Aðstoð AGS og nágrannaríkja skiptist í lán og lánalínur og lánalínur munu ekki vera vaxtaberandi skuld nema á hana sé dregið






Hvert stefnir þjóðarbúskapurinn?

Hvert stefnir íslenskur þjóðarbúskapur?

- Fjármálaráðuneytið, Seðlabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa spáð fyrir um þróun íslensks efnahagslífs næstu árin
- Þeim ber saman um að hagkerfið muni ná sér hratt á strik á ný
- Árin 2009 og 2010 verða engu að síður mjög erfið fyrir bæði fyrirtæki og heimili
- Spár eru frá í janúar


Hagvöxtur

- Spáaðilar eru sammála um að þjóðarbúskapurinn muni rétta nokkuð hratt úr kútnum eftir samdráttarárið 2009
- Stöðnun verður á árinu 2010
- Ríflegur vöxtur á árinu 2011 er líklegur þegar innlend og erlend eftirspurn tekur við sér á ný




Einkaneysla

- Einkaneysla mun dragast saman um 20%-25% á þessu ári...
- ...og lítillega á því næsta
- Spáð er að eftirspurn taki við sér á árinu 2011



Samneysla

- Bæði Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið gera ráð fyrir að draga muni úr vexti samneyslu á komandi árum




Fjárfesting

- Fjárfesting mun dragast saman um nálægt 30% á þessu ári í kjölfar ríflega 20% samdráttar í fyrra.
- Vöxtur hennar mun fara hægt af stað aftur




Viðskiptajöfnuður (% af VLF)

- Afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði mun leiða til afgangsbilans á viðskiptum við útlönd
- Þáttatekjur munu þó veita þar á móti og vera neikvæðar næstu árin
- Mikil óvissa ríkir um þáttatekjur
- Viðskiptahalli var 35% af VLF árið 2008




Atvinnuleysi (% af vinnuafli)

- Atvinnuleysi fylgir hagsveiflunni jafnan með nokkurri töf
- Atvinnuleysi verður því enn töluvert á árinu 2010 þegar hagkerfið verður tekið að vaxa á ný



Verðbólga



- Stutt er í að stærsti verðbólgujúfurinn verði yfirstaðinn
- Verðbólga mælist mikil að meðaltali á þessu ári vegna grunnáhrifa
- Þegar líður á árið má búast við lítilli verðbólgu







Samanburður við nágrannaríki

Hagvöxtur





- Íslenska hagkerfið hefur vaxið mjög ört undanfarin ár
- Vöxtur þess var mun meiri en nágrannaríkjanna að Írlandi frátöldu
- Mikil umframeftirspurn myndaðist í hagkerfinu

Einkaneysla





- Mikil eftirspurn ríkti og margt hvatti til aukinnar neyslu:
 - Hátt atvinnustig, ör hækkun launa, mikil hækkun eignaverðs (verðbréf og húsnæði) og gott aðgengi að hagstæðu lánsfé
- Aðeins á Írlandi var neysluaukning í svipuðum mæli og hér á landi

Viðskiptajöfnuður (% af VLF)





- Hátt gengi krónu og gott aðgengi að ódýru erlendu lánsfjármagni hvatti til mikils innflutnings vöru og þjónustu
- Hátt gengi krónu veikti stöðu útflutningsgreina en ekki útrásarverkefna
- Ekkert nágrannaríkja okkar bjó við sambærilegan viðskiptahalla og var hér á landi

Atvinnuleysi



- Mikil spennan á íslenskum vinnumarkaði kom fram í:
 - Háu atvinnustigi
 - Afar litlu atvinnuleysi
 - Miklum innflutningi vinnuafls


Laun á almennum markaði



- Mikil eftirspurn kom einnig fram í verði á vinnuafli og laun á Íslandi hækkuðu mun hraðar en í nágrannaríkjunum

Stýrivextir

- Vegna mikillar umframeftirspurnar í landinu hafa stýrivextir á Íslandi að jafnaði verið hærri en í nágrannalöndunum.





Takk fyrir